

Vestmannaeyjabær
Sigurður Smári Benónýsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar



Reykjavík, 27. september 2012
Tilvísun: UST20120700184/bs

Deiliskipulag - Athafnasvæði fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja-Umsögn


Við er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Vestmannaeyjarbæjar dags 20. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Fram kemur í umhverfisskýrslu að áætlunin muni ekki leiða af sér framleiðsluaukningu í verksmiðjunni. Deiliskipulagsáætlunin gerir ráð fyrir nýjum bryggjukanti. Efni í kantinn verður tekið úr námu með starfsleyfi alls um 5.000 m³. Deiliskipulagstillagan mun hvorki hafa áhrif á loftgæði né gæði vatns. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er að hluta raskað. Helstu áhrif tillögunnar felast í sjónrænum áhrifum hráefnis- og mjöltanka sem eru nokkuð hærri en þau mannvirki sem nú eru á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson